

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 265/1993.

Húseigendabjónustan S. Sigurðsson hf.

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

gegn

Elíasi R. Sveinssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Skaðabætur. Verksamningur. Vinnusamningur. Skipting sakarefnis. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 22. júní 1993. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur bótaskyldur vegna kostnaðar, sem á áfrýjanda hafi fallið vegna tjóns, sem varð vegna leka á þaki hússins nr. 84 við Kleppsveg í Reykjavík aðfaranótt 1. september 1990. Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að bera nokkurn hluta tjónsins, telji dómurinn, „að beita eigi reglum um sakarskiptingu eða öðrum reglum, sem heimila niðurfærslu á fjárhæð bóta“. Hann krefst enn fremur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála var málið skriflega flutt fyrir Hæstarétti.

I.

Í þinghaldi 18. janúar 1993 ákvað héraðsdómari að ósk aðila og með heimild í 1. mgr. 31. gr. laga nr. 91/1991 að skipta sakarefni málsins. Samkvæmt bókun í þingbók skyldi fyrst dæmt um bótaskyldu í málinu, eins og það var reifað, áður en til gagnstefnu kom. Í sama þinghaldi féll stefndi frá kröfu um frávísun málsins.

Í héraði reisti áfrýjandi kröfur sínar í aðalsök einvörðungu á því, að stefndi hefði verið undirverktaki hjá áfrýjanda og bæri sem slíkur

ábyrgð á tjóni, sem varð við það, að ekki var gengið frá þaki hússins nr. 84 við Kleppsveg í lok vinnudags 31. ágúst 1990 með þeim hætti, að það héldi regnvatni. Í skriflegri sókn sinni fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi hins vegar haldið því fram, að hvort sem stefndi hafi verið undirverktaki eða launþegi í starfi hjá áfrýjanda, leiði það til sömu niðurstöðu.

Stefndi mótmælir því, að þessi málsástæða komist að fyrir Hæstarétti. Grundvelli málsins yrði raskað verulega með því, en málalítilbúnaður áfrýjanda í héraði hafi ekki gefið neitt tilefni til málsvarnar með hliðsjón af þeim lagasjónarmiðum, sem við eigi um hugsanlega bótaskyldu stefnda sem launþega í starfi hjá áfrýjanda.

Með vísan til 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994, getur sú málsástæða ekki komið til úrlausnar, að stefndi hafi verið launþegi í starfi hjá áfrýjanda og beri með þeim hætti ábyrgð á umræddu tjóni. Breytir engu í því sambandi, þótt þetta hafi komið fram í greinargerð áfrýjanda í gagnsök í héraði, en í henni var skorið úr um launakröfu stefnda á hendur áfrýjanda. Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, er dómur í gagnsök, sem gekk stefnda í vil, ekki til endurskoðunar.

II.

Stefndi réðst í vinnu hjá áfrýjanda í byrjun júní 1990. Er ágreiningslaust, að hann hafi þá verið ráðinn starfsmaður áfrýjanda. Talsmaður áfrýjanda hefur hins vegar borið fyrir dómi, að á þessu hafi orðið breyting frá og með 1. ágúst sama ár samkvæmt munnlegu samkomulagi aðila. Hafi stefndi frá þeim tíma tekið að sér einstök verkefni fyrir áfrýjanda sem undirverktaki hans. Þessu hefur stefndi mótmælt. Hann telur sig frá upphafi hafa verið launþega hjá áfrýjanda. Á því hafi engin breyting orðið til 21. september 1990, er hann hætti störfum hjá áfrýjanda.

Í málinu liggur fyrir launamiði, út gefinn af áfrýjanda, og skattframtal stefnda 1991. Samkvæmt launamiðanum telur áfrýjandi fram vinnulaunagreiðslur til stefnda, að fjárhæð 63.800 krónur, en frá þeirri fjárhæð er dregin staðgreiðsla skatta og greiðsla í lífeyrissjóð. Um önnur fram talin vinnulaun eða verktakagreiðslur áfrýjanda til stefnda er ekki að ræða. Að þessu virtu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms hefur áfrýjandi á engan hátt

rennt stöðum undir þá staðhæfingu, að stefndi hafi starfað að viðgerð á þaki umrædds húss við Kleppsveg sem undirverktaki áfrýjanda og beri á grundvelli réttarreglna um verksamninga ábyrgð á því, sem þar fór úrskaiðis. Samkvæmt því verður ekki fallist á þau sjónarmið, er áfrýjandi hefur fært fram til stuðnings kröfum sínum.

Eftir þessum úrslitum verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að málið er verulega vanreifað af hálfu áfrýjanda, svo sem málalítilbúnaður hans var úr garði gerður við þingfestingu. Þykir þrátt fyrir það ekki alveg næg ástæða að vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Húseigendapjónustan S. Sigurðsson hf., greiði stefnda, Elíasi R. Sveinssyni, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. mars 1993.

I.

Stefnandi er Húseigendapjónustan S. Sigurðsson hf., kt. 461189-1139, Skemmuvegi 34. Kópavogi, en stefndi Elías R. Sveinsson, kt. 100152-7468, Langholtsvegi 90, Reykjavík.

Upphaflegar dómkröfur stefnanda voru sem hér segir:

„Þess er krafist, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 254.792 kr. auk eftirfarandi vanskilavaxta p. a. skv. 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga:

Af 254.792 kr. frá 10. 11. 1990 til greiðsludags.

Krafist er málskostnaðar [...].

Upphaflegar dómkröfur stefnda voru:

Aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi og stefnda dæmdur málskostnaður [...]. Til vara gerði stefndi þá dómkröfu að verða alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnda dæmdur málskostnaður eins og í aðalkröfu.

Með gagnstefnu 28. september 1992 gerði aðalstefndi þær dómkröfur, að gagnstefndi yrði dæmdur til að greiða 93.903 kr. með dráttarvöxtum [og málskostnaði].

Af hálfu gagnstefnda var krafist sýknu af kröfum aðalstefnda í gagnsök og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ úr hendi gagnstefnanda.

Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 21. maí 1992, en 24. september s. á. var málið tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur skv. 164. gr. laga nr. 91/1991. Á dómþingi 10. desember sl. var eftir árangurslausar sáttatilarunir ákveðinn málflutningur um frávisunarkröfu aðalstefnda 18. janúar sl., en við upphaf þinghalds þann dag féll aðalstefndi frá kröfu sinni um frávisun, og var þá ákveðið að ósk aðila að skipta sakarefni þannig, að fyrst yrði dæmt um bótaskyldu aðalstefnda í málinu, eins og málið hafði verið reifað fyrir gagnstefnu. Þá lýstu lögmenn aðila öflun sýnilegra sönnunargagna lokið í aðalsök. Þannig búið var málið flutt í þessa mánaðar og dómtekið að þessu leyti.

Dómkröfur stefnanda eru á þessu stigi máls, að stefndi verði dæmdur bótaskyldur vegna kostnaðar stefnanda af tjóni, sem varð vegna leka á þaki Kleppsvegur 84 hér í borg aðfaranótt 1. september 1990. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnda dæmdur málskostnaður [...].

II.

Málsatvik: Að Kleppsvegi 84 í Reykjavík varð tjón af völdum leka aðfaranótt laugardags 1. september 1990. Þak hússins hafði verið rofið vegna viðgerða föstudaginn 31. ágúst 1990, en ekki gengið þannig frá því, er vinnu viðgerðarmanna lauk þann dag, að það héldi vatni, þá er rigndi næstu nótt. Húseigendajónustan S. Sigurðsson hf. hafði tekið að sér að gera við þakið. Þennan dag vann aðalstefndi að þessari viðgerð ásamt öðrum á vegum félagsins.

III.

Því er haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að aðalstefndi beri ábyrgð á því, að ekki var gengið frá þakinu sem skyldi, áður en vinnu lauk umræddan dag. Reisir aðalstefnandi kröfu á hendur aðalstefnda á reikningum fyrir efni og vinnu, sem til þess hafi farið að bæta húseigandanum tjón, sem varð af völdum lekans.

Af hálfu aðalstefnanda er staðhæft, að aðalstefndi hafi unnið sem undirverktaki hjá aðalstefnanda við viðgerðarverkefnið að Kleppsvegi 84, þegar umrætt tjón varð, og hafi hann brugðist trúnaði með því að ganga frá verki á þann hátt, að þakið hélt ekki vatni, og tjónið, sem þarna varð, megi rekja til vítaverðrar vanrækslu aðalstefnda, sem sé smiður að mennt. Orsök lekans kveður aðalstefnandi hafa stafað af því, að aðalstefndi hafi ekki fyllt upp í plötusamskeyti á þakinu með til þess ætluðu efni, sem honum hafi verið fengið af aðalstefnanda, en verk aðalstefnda hafi falist í því að losa kítta á plötusamskeytum og hreinsa þakið, áður en ákveðin klæðning yrði lögð yfir. Mistök aðalstefnda hafi verið að losa kítiti án þess að ljúka við að fylla aftur upp í samskeytin, áður en hann gekk frá verki þennan dag.

Af hálfu aðalstefnda er haldið fram, að hann hafi starfað sem launþegi hjá aðalstefnanda við verkefnið að Kleppsvegi 84, en Sigurður Sigurgeirsson, sem er faðir Sigurgeirs Sigurðssonar, framkvæmdastjóra og stjórnarmanns aðalstefnanda, hafi stjórnað verkinu. Aðalstefndi segir, að hann, Sigurður og Guðni Hannesson, sem með þeim starfaði, hafi allir hætt störfum um svipað leyti, um það bil klukkan hálfþrjú síðdegis, en þá hafi Sigurður litið yfir verkið og talið, að þeir gætu hætt störfum þann dag. Guðni hafi orðið samferða Sigurði í burtu, en sjálfur hafi hann orðið eftir skamma stund til að taka til kringum húsið.

Sigurður Sigurgeirsson, kt. 310331-2959, Hverfisgötu 42, Hafnarfirði, kom fyrir rétt sem vitni. Hann bar fyrir réttinum, að hann hefði haft með höndum umsjón með verkinu að Kleppsvegi 84 umrætt sinn. Hefði hann falið aðalstefnda að ganga þannig frá verki umræddan dag, að ekki væri rofið meira af þakinu en gengið væri frá að loka með efni, sem til þess var ætlað og hann hefði afhent honum. Hann kveðst hafa horfið af staðnum einsamall klukkan um það bil tvö síðdegis, en þá hefði aðalstefndi og Guðni enn verið að verki í samræmi við það, sem ákveðið hefði verið.

Af hálfu aðalstefnda er haldið fram, að ekki komi fram í málinu, að húseigandi, þ. e. tjónþoli, hafi framselt stefnanda bótakröfu sína. Þá liggi ekki fyrir hlutlaust mat á umfangi hins ætlaða tjóns, og ekki hafi verið sannað, að hann beri ábyrgð á þeim atvikum, sem urðu til þess.

IV.

Aðalstefnandi, sem er bókhaldsskyldur, hefur ekki sýnt fram á, að aðalstefndi hafi starfað hjá sér sem undirverktaki við viðgerðarvinnuna að Kleppsvegi 84. Því verður að telja staðhæfingu aðalstefnda rétta að svo komnu, að hann hafi starfað sem launþegi hjá aðalstefnanda, þá er tjónið varð.

Telja verður, að betur hefði mátt upplýsa en gert er, hvernig að verklokum var staðið 31. ágúst 1990, og verður aðalstefnandi að bera hallann af því. Ekki verður því gegn andstæðum framburði aðalstefnda talið sannað, að aðalstefndi hafi gengið frá verki án þessa að ljúka störfum á þann hátt, sem fyrir hann hafði verið lagt af tilsjónarmanni aðalstefnanda með verkinu. Þá verður að fallast á það með aðalstefnda, að aðalstefnandi hafi að öðru leyti ekki sýnt með tryggu hætti samhengið milli ætlaðra mistaka eða vanrækslu aðalstefnda og tjónsins.

Samkvæmt framangreindu er aðalstefndi sýknaður af kröfum aðalstefnanda.

Eftir þessum málalokum ber aðalstefnanda að greiða aðalstefnda 70.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Aðalstefndi, Elías R. Sveinsson, er sýknaður af kröfum aðalstefnanda, Húseigendapjónustunnar S. Sigurðsson hf.

Aðalstefnandi greiði aðalstefnda 70.000 krónur í málskostnað með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.
